

Ákærði gaf skýrslu um mál þetta hjá lögreglunni í Reykjavík hinn 21. janúar 1983. Hann kvaðst hafa haldið hundinn sl. tvö ár. Ekki kvaðst hann hafa hug á að losa sig við hundinn þrátt fyrir bann gegn hundahaldi.

Lögreglan í Reykjavík hafði afskipti af hundi ákærða hinn 9. mars og 15. júlí 1983. Í bæði skiptin voru teknar skýrslur af ákærða, og lýsti hann því þá yfir, að hann hefði ekki hug á að losa sig við hundinn.

Ákærði hefur fyrir dómi viðurkennt, að efni ákærunnar sé rétt. Með játningu hans, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um atferli það, sem honum er gefið að sök í ákæru-skjali og þar er rétt heimfært til refsíákvæða.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 6.500 króna sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi varðhald í 8 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærði greiði 6.500 króna sekt til ríkissjóðs innna 4 vikna frá upp-kvaðningu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 8 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Mánudaginn 28. janúar 1985.

Nr. 13/1984 **Bjarni Snorrason**

(Jóhann H. Níelsson hrl.)

gegn

Ingvari Helgasyni h/f og

(Ingi Ingimundarson hrl.)

Bifreiðaverkstæði Árna Gíslasonar h/f

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

Fjárnám. Uppboð. Þinglýsing. Bifreiðaskráning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason og Gaukur Jörundsson prófessor.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 24. janúar 1984, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. s.m. Hann krefst þess, að synjað verði kröfum um, að hið umbeðna nauðungaruppboð á bifreiðinni G 2380 nái fram að ganga og að fjárnám í bifreiðinni, gerð 14. júlí 1983 og 18. júlí 1983, verði úr gildi felld. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en hann fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytisins 22. febrúar 1984.

Stefndi Ingvar Helgason h/f gerir þær dómkröfur, að staðfest verði fjárnámssgerð í fógetarétti Hafnarfjarðar frá 18. júlí 1983 í bifreiðinni G 2380, að staðfestur verði úrskurður uppboðsréttar Hafnarfjarðar, uppkveðinn 2. desember 1983, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Bifreiðaverkstæði Árna Gíslasonar h/f krefst þess, að úrskurður uppboðsréttar Hafnarfjarðar frá 2. desember 1983 verði staðfestur og þar með fjárnámssgerð frá 14. júlí 1983. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Bú Valgeirs Ásgeirssonar var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar 30. nóvember 1983. Hefur áfrýjandi stefnt þrotabúinu fyrir Hæstarétt til að gæta réttar síns í málinu. Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæslustefnda, en þingsókn af hans hálfu fyrir Hæstarétti féll niður, án þess að kröfur væru gerðar af hans hendi.

Með afsali 7. maí 1983 afsalaði Valgeir Ásgeirsson áfrýjanda bifreiðinni G 2380, og var Valgeir þá skráður eigandi bifreiðarinnar í ökutækjaskrá. Var bifreiðin enn skráð eign seljanda, Valgeirs Ásgeirssonar, er hin áfrýjuðu fjárnám voru gerð í bifreiðinni. Var þar um að ræða fjárnám 14. júlí 1983 að kröfu „Bíllaleigu Á.G.“ fyrir 13.925,00 krónum samkvæmt aðfararhæfri áskorunarstefnu á hendur nefndum Valgeiri auk vaxta og kostnaðar og fjárnám 18. júlí 1983 að kröfu Ingvars Helgasonar, heildverslunar, fyrir 7.634,00 krónum, einnig á hendur Valgeiri samkvæmt aðfararhæfri áskorunarstefnu, auk vaxta og kostnaðar.

Eigi er ágreiningur um aðild stefndu í máli þessu.

Eigi kemur fram, að réttargæslustefndi hafi haft uppi neinar kröfur út af bifreiðakaupum þeim, sem í málinu greinir. Stendur 58. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 eigi í vegi fyrir því, að dæmt sé

um gildi hinna áfrýjuðu fjárnáma, eins og málið hefur verið lagt fyrir Hæstarétt.

Fallast ber á það með héraðsdómi, að skýra eigi ákvæði 43. gr. og 2. málsg. 29. gr., sbr. 46. gr. þinglýsingalaga svo, að eignaréttur áfrýjanda, sem ekki var skráður í ökutækjaskrá, verði að þoka fyrir þinglýstum dómveðum samkvæmt hinum áfrýjuðu fjárnámsgerðum.

Samkvæmt því, er að framan greinir, ber að staðfesta hinar áfrýjuðu fjárnámsgerðir og hinn áfrýjaða úrskurð uppboðsréttar.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður. Allur gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda Jóhanns H. Nielssonar hæstaréttarlögmans, 15.000,00 krónur.

Það athugast, að þess er eigi getið í hinum áfrýjuðu fjárnámsgerðum, með hvaða heimild Einar Baldvin Stefánsson kom fram fyrir hönd Valgeirs Ágeirssonar.

D ó m s o r ð:

Hinar áfrýjuðu fjárnámsgerðir eru staðfestar.

Hinn áfrýjaði úrskurður uppboðsréttar á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Allur gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Bjarna Snorrasonar, Jóhanns H. Nielssonar hæstaréttarlögmans, 15.000,00 krónur.

Úrskurður uppboðsréttar Hafnarfjarðar 2. desember 1983.

Ár 1983, föstudaginn 2. desember, er kveðinn upp svohljóðandi úrskurður í uppboðsréttarmálinu nr. 889/1983: Ingvar Helgason, heildverslun, og Bílaleiga Á.G. gegn Valgeiri Ásgeirssyni og til meðalgöngu Bjarni Snorrason í uppboðsrétti Hafnarfjarðar.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 4. nóvember 1983.

Uppboðsbeiðendur máls þessa eru Jón Þóroddsson hdl., Klapparstíg 26,

Reykjavík, f.h. Ingvars Helgasonar, heildverslunar, og dr. Gunnlaugur Þórðarson, hrl., Suðurlandsbraut 20, Reykjavík, f.h. Bílaleigu Á.G.

Uppboðspoli er Valgeir Ásgeirsson, Langholtsvegi 143, Reykjavík, áður Álfaskeiði 92, Hafnarfirði.

Uppboðsbeiðendur gera þær réttarkröfur, að bifreiðin G-2380, Chevrolet Camaro, árgerð 1976, verði seld á nauðungaruppboði á grundvelli fjárnáma frá 14. og 18. júlí 1983, sem þinglýst var 20. júlí og 2. ágúst 1983. Uppboðsbeiðendur gera jafnframt kröfu um málskostnað í þessum þætti málsins.

Af hálfu uppboðspola hefur ekki verið sótt þing í máli þessu, og hafa engar kröfur komið fram af hans hálfu.

Af hálfu meðalgönguadílja, Bjarna Snorrasonar, Urðarbraut 20, Blönduósi, en með aðsetur að Leifsgötu 23, Reykjavík, hefur Steingrímur Þormóðsson hdl., Lágmúla 5, Reykjavík, gert þær kröfur í máli þessu, að umbeðið uppboð skuli ekki ná fram að ganga og að honum verði dæmdur hæfilegur málskosntaður úr hendi uppboðsbeiðenda.

Samkvæmt ökutækjaskrá Bifreiðaeftirlits ríkisins var umrædd bifreið skráð þar eign uppboðspola, Valgeirs Ásgeirssonar, hinn 27. janúar 1983. Meðalgönguadili byggir varnir sínar á því, að hann hafi verið orðinn eigandi bifreiðarinnar, er fjárnámin voru gerð. Lagt hefur verið fram í málinu afsal dags. 7. maí 1983, þar sem uppboðspoli afsalar bifreiðinni til meðalgönguadílja.

Álit réttarins.

Það virðist alfarið á ábyrgð meðalgönguadílja, að dráttur varð á, að hann umskráði bifreiðina á sitt nafn, sbr. 14. gr. laga nr. 40/1968. Uppboðspoli var skráður eigandi bifreiðarinnar, er umrædd fjárnám voru gerð, og er enn. Fjárnámum uppboðsbeiðenda var þinglýst athugsemdalaust. Meðalgönguadilja var nauðsynlegt að láta skrá eignarrétt sinn að bifreiðinni í ökutækjaskrá Bifreiðaeftirlits ríkisins til þess að tryggja sig fyrir fullnustugerðum skuldheimtumanna uppboðspola í bifreiðinni. Að þessu leyti kemur skrásetning í stað þinglýsingar, þegar t.d. um fasteign er að ræða. Mótmæli gegn framgangi uppboðsins eru því ekki tekin til greina með vísan til 2. og 3. mgr. 43. gr., sbr. 2. mgr. 29. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978, og 14. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Hin umbeðna uppboðsgerð skal því fara fram á kostnað uppboðspola, en ábyrgð uppboðsbeiðenda, enda hefur uppboðsheimildum þeirra ekki verið skotið til æðra dóms, sbr. 7. gr. laga um nauðungaruppboð 57/1949.

Enginn tölulegur ágreiningur er um kröfur uppboðsbeiðenda.

Málskostnaður fellur niður.

Hlöðver Kjartansson, aðalfulltrúi bæjarfógeta, kvað upp úrskurð þennan, og hefur uppkvaðningin dregist vegna anna hans við önnur embættisverk.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hin umbeðna uppboðsgerð skal fara fram á kostnað uppboðspóla en ábyrgð uppboðsbeiðenda.

Málskostnaður fellur niður.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Hafnarfjarðar 14. júlí 1983.

Ár 1983, fimmtudaginn 14. júlí, er fógetaréttur Hafnarfjarðar settur að Álfaskeiði 92 og haldinn með undirrituðum vottum af Bergi Óliverssyni fulltrúa. Fyrir er tekið fógetamálið: Bílaleiga Á.G. gegn Valgeiri Ásgeirssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 aðfararhæfa áskorunarstefnu.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Árni Einarsson hdl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 13.925,00 með 5% vöxtum á mánuði eða brot úr mánuði frá 31. mars 1983 til greiðsludags, kr. 35,00 í stimpilkostnað, kr. 620,00 v/gerðarbeiðni, kr. 3.602,00 í málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, kostnað við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, sem býr hér, er ekki viðstaddur. Fyrir hann mætir Einar Baldvin Stefánsson.

Mætti kveðst aðspurður ekki greiða kröfu gerðarbeiðanda. Fógeti áminnir mætta um sannsögli og skorar á hann að benda á eignir til fjárnáms.

Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsir fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, bifreiðinni G-2380, Chevrolet Camaro, árgerð 1976. Fallið er frá virðingu.

Fógeti gætir leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mætta, sem er ólöglærður, og brýnir m.a. fyrir honum að tilkynna gerðarþola fjárnámið og að ekki megi ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn þann hátt, er fari í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Upplesið, staðfest. Gerðinni lokið.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Hafnarfjarðar 18. júlí 1983.

Árið 1983, mánudaginn 18. júlí, er fógetaréttur Hafnarfjarðar settur að Álfaskeiði 92 og haldinn með undirrituðum vottum af Bergi Óliverssyni fulltrúa. Fyrir er tekið fógetamálið: Ingvar Helgason, heildverslun, gegn Valgeiri Ásgeirssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 aðfararhæfa áskorunarstefnu.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Jón Þóroddsson hdl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 7.634,00 með 5% vöxtum á mánuði eða brot úr mánuði frá 3. febrúar 1983 til greiðsludags, kr. 620,00 v/gerðarbeiðni, kr. 3.255,00 í málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, kostnað við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, sem býr hér, er ekki viðstaddur. Fyrir hann mætir Einar Baldvin Stefánsson.

Mætti kveðst aðspurður ekki greiða kröfu gerðarbeiðanda. Fógeti áminnur mætta um sannsögli og skorar á hann að benda á eignir til fjáráms.

Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsir fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, bifreiðinni G-2380, Chevrolet Camaro, árgerð 1976. Fallið er frá virðingu.

Fógeti gætir leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mætta, sem er ólöglærður, og brýnir m.a. fyrir honum að tilkynna gerðarþola fjárnámið og að ekki megi ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn þann hátt, er fari í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Upplesið, staðfest. Gerðinni lokið.

Miðvikudaginn 30.janúar 1985.

Nr. 78/1983. **Hrafn Björnsson**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Jóhannesi Jenssyni

(Hákon Árnason hrl.)

Lausafé. Kaup og sala. Riftun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 12. apríl 1983, að